


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 1 af 6	Kynjafræði (FÉLA3KJ05)	
	Námsáætlun haustannar 2016	

Kennari	Snorri Björnsson	Sk.st.	SNO
----------------	------------------	---------------	-----

Áfangalýsing: Í áfanganum er fjallað er um sögu jafnréttisbaráttu á Íslandi og stöðu jafnréttismála í dag; karl – og kvenmennsku, fjölmiðla, klámvæðingu, kynbundið ofbeldi, stjórnámál og margt fleira. Ýmsar birtingarmyndir kynjakerfisins skoðaðar og greindar. Lögð er áhersla á umræður og lýðræðislega nálgun í kennslunni, nemendur eru hvattir til að temja sér gagnrýna hugsun, vera virkir og hafa áhrif á efnisþætti áfangans.


Áfanginn byggir á virkni og þátttöku nemenda þar sem reynir á sjálfskoðun, greiningu á umhverfi sínu og umræðum um eigin viðhorf og annarra.

Markmið: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu hugtökum jafnréttismála
- birtingarmyndum kynjaskekkju í samfélaginu
- birtingarmyndum kynjaskekkju út frá alþjóðlegu sjónarhorni
- sögu jafnréttisbaráttunnar og áfangasigrum
- stöðu karla og kvenna í íslensku samfélagi fyrr og nú

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- taka þátt í umræðum um algeng álitamál sem tilheyra kynjafræðinni
- mynda sér skoðun á algengum álitamálum sem tilheyra kynjafræðinni
- rýna í menningu og átta sig á stöðu kynjanna eins og hún birtist þar
- meta jafnrétti út frá menningarlegum gildum samfélagsins

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016	Kynjafræði (FÉLA3KJ05) Námsáætlun haustannar 2016	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 6		

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:


- útskýra skoðanir sínar m.t.t. kenninga kynjafræðinnar og hugtaka
- fjalla um samfélagið út frá sjónarhorni kyns og kynferðis með gagnrýnum augum og tengja hugmyndir kynjafræðinnar við eigin veruleika
- skilja helstu orsakir kynjaskekkjunnar samkvæmt hugmyndum kynjafræðinnar
- tengja menningu, gildi og verðmæti samfélagsins við eigið líf
- ígrunda viðhorf sín
- setja sig í spor annarra
- dýpka skilning á félagsheiminum sem hann býr í

Námsgögn: Greinar og annað efni frá kennara sem verður afhent í tímum eða verður aðgengilegt inni á Moodle.


Einnig er mælt með að nemendur hafi aðgang að *Handbók um ritun og frágang* e. Ingibjörgu Axelsdóttur og Þórunni Blöndal frá árinu 2010 eða síðar, útg. Mál og menning.

Áætlun um yfirferð:

Hér fyrir neðan er gróf áætlun um yfirferð. Nemendur skulu hafa í huga að efnislega getur efni viknanna runnið saman, enda tengjasts viðfangsefnin mikið. Þó svo þetta sé gróf áætlun um yfirferð, þá gilda tímasetningar á verkefnum og verkefnaskilum. Nánari útlístan á verkefnum og lesefni er að finna inni á Moodle síðu áfangans. Samræður eru hluti af námsmati áfangans, eins og kemur fram í útlístan námsþátta. Í áætlun um yfirferð er ekki settir inn sérstakir samræðutímar, en þeir munu vera fléttaðir inn í almenna tíma og stundum auglýstir sérstaklega þegar ákveðin málefni verða tekin fyrir.


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 6	Kynjafræði (FÉLA3KJ05)	
	Námsáætlun haustannar 2016	

Vika	Efni	Verkefni
34. 22/8 – 26/8	Kynning á áfanga. Vangaveltur um námsþætti og hugtök í kynjafræði. Byrjað á yfirferð um sögu jafnréttisbaráttu.	Upphaf dagbókar Umræður
35. 29/8 – 2/09	Framhald frá fyrri viku. Saga jafnréttisbaráttunnar á Íslandi. Feminismi.	Dagbók Unnið að heimildaritgerð.
36. 5/9 – 9/9	Saga jafnréttisbaráttu. Hvernig er staðan núna?	Dagbók. Heimildaritgerð skilað - 10%.
37. 12/9 – 16/9	Kynjakerfið og staðan í dag. Jafnréttislögin.	Dagbók
38. 19/9 – 23/9	Kyn og kyngervi. Karlmennska/kvenmennska. Staðalímyndir	Dagbók. Skil á dagbók
39. 26/9 – 30/9	Kyn og kyngervi. Karlmennska / kvenmennska. Staðalmyndir	Dagbók. Unnið að verkefni um karlmennskur. Hugtakapróf - 10%.
40. 3/10 – 7/10	Klám og klámvæðing. Auglýsingar. Staðalmyndir Miðannarmat	Dagbók. Unnið að verkefni um karlmennskur.
41. 10/10 – 14/10	Dægurmenning s.s. sjónvarpsættir, kvikmyndir o.fl.	Dagbók. Skil á verkefni um karlmennskur - 15%.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Utgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 4 af 6	Kynjafræði (FÉLA3KJ05)	
	Námsáætlun haustannar 2016	


42. 17/10 - 21/10	Kynbundinn húmor.	Dagbók. Unnið að frjálsum verkefni.
43. 24/10 - 28/10	Jafnrétti í skólakerfinu	Dagbók. Unnið að frjálsum verkefni.
44. 31/10 - 4/11	Kynbundið ofbeldi. Heimilisofbeldi/nauðganir Tekið þátt í jafnréttis - og mannréttindaviku með öðrum nemendum skólans.	Dagbók. Skil á frjálsum verkefni - 10%.
45. 7/11 - 11/11	Fötlun og kynjajafnrétti. Heimilisofbeldi, nauðganir.	Dagbók. Skil á dagbók
46. 14/11 - 18/11	Fötlun og kynjajafnrétti. Vændi og mansal	Dagbók. Unnið að fyrirlestrum
47. 21/11 - 25/11	Málstofa.	Dagbók. Nemendafyrirlestrar
48. 28/11 - 2/12	Annarlök. Önnin gerð upp.	Tímaverkefni. Ígrundunardagbók skilað til einkunnagjafar.

Verkefni: Verkefnislýsingar eru allar inni á Moodle síðu áfangans.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 5 af 6	Kynjafræði (FÉLA3KJ05) Námsáætlun haustannar 2016	

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/>
		Lokaverkefni	
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Ígrundunardagbók	Nemendur skrifa um það bil vikulegar hugleiðingar um námsefnið. Nánar upplýsingar er að finna inni á Moodle. Vinna við þetta verkefni hefst í byrjun annar og stendur alla önnina. Nemendur þurfa að skila dagbókinni til kennara tvisvar sinnum yfir önnina, eða gefa skýrslu um gang hennar.	30%	
Heimildaritgerð	Nemendur skrifa heimildaritgerð sem tengist sögu jafnréttisbaráttu upp á 3-5 blaðsíður.	10%	
Hugtakapróf	Nemendur þreyta tímapróf úr helstu hugtökum fagsins. Ef nemendur mæta ekki þegar prófið fer fram fá þeir núll fyrir þennan námsþátt, nema um gild forföll sé að ræða. Miðað er við að nemendur nái átta í einkunn.	10%	
Mynd/hljóðskrá um karlmennskur.	Nemendur velja á milli þess að skila verkefni sem hljóðskrá eða myndskrá sem inniheldur verkefni tengt karlmenskum. Nánari upplýsingar er að finna á Moodle síðu áfangans.	15%	
Fyrirlestur	Nemendur velja sér efni eftir áhugasviði og í samráði við kennara til þess að kynna sér og flytja fyrirlestur um.	15%	
Samræður	Þátttaka nemenda í samræðum gildir til einkunnar. Nemendur þurfa að sýna fram á gagnrýna hugsun; að þeir hafi tileinkað sér námsefnið og myndað sér skoðun á því, séu tilbúnir til þess að ræða efnið og að hlusta á aðra. Sérstakir umræðutímar verða á önninni þar sem nemendur þjálfast í skipulögðum umræðum, að hlusta á aðra og að tjá sig um málefni áfangans.	10%	
Frjálst verkefni	Nemendur velja efni í samráði við kennara til þess að sýna. Nánari upplýsingar er að finna á Moodle.	10%	
	Samtals:	100%	

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 6 af 6	Kynjafræði (FÉLA3KJ05)	Námsáætlun haustannar 2016

Annað:

Athugið að nemendum ber að skila öllum námspáttum áfangans, sjá reglur skólans um símatsáfanga.

Reglur um verkefnaskil eru í samræmi við reglur samfélagsfræðideildar VMA og má finna hér fyrir neðan. Nemendur eru hvattir til þess að kynna sér þær vel.

Reglur um verkefnaskil:

- Öll verkefni sem gilda til einkunnar skulu tilgreind í námsáætlun hvers áfanga. Þar skal koma fram í hvaða efnispætti eða lotu á að skila viðkomandi verkefnum sem og vægi þeirra.
- Nemendum sem eru undanþegnir mætingarskyldu skulu fylgjast með skiladögum einstakra verkefna og ber þeim að virða þá.
- Kennurum er heimilt að veita lengri skilafrest vegna veikinda, hafi þau verið tilkynnt áður en skilafrestur rann út.
- Kennurum er ekki heimilt að veita lengri skilafrest vegna vinnu, íþróttá, félagsmála eða ferðalaga nema það samræmist reglum skólans um untantekningar þar á.
- Ef vanskil verða lækka einkunnir verkefna sem gilda 10% eða meira sem hér segir:

1 virkur dagur: 0,5

2 virkir dagar: 1

3 virkir dagar: 1,5

4 virkir dagar: 2

5 virkir dagar: 2,5

Eftir þessa fimm daga hafa nemendur viku til að skila verkefni, en eftir það verður ekki tekið við því.


Annað:

Símar, tölvur og önnur snjalltæki eru óheimil í kennslustundum nema með leyfi kennara. Nemandi sem ekki virðir þessa reglu má búast við að vera vísað úr kennslustund, sbr. skólareglur.

Kennsluáætlun þessi er birt með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning: 19.08 2016


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils